

Ágrip

Enska er heimsmál númer eitt í veröldinni í dag. Enska tungumálið og menningin eru mjög áberandi í okkar vestræna samfélagi og gott vald á henni virðist vera mikilvægt. Enskan er mikið notuð í íslensku samfélagi, þá kannski sérstaklega hjá unglingum. Áhyggjuefnið er það að enskan muni komast meira og meira inn í talmálið og að frá talmáli munu nokkur orð svífa inn í ritmálið. Spurningin er hvort þessar áhyggjur séu raunverulegar eða ekki. Rannsóknir á þessum sviðum íslensku eru ekki margar ennþá, en í þessari ritgerð verður reynt að kanna stöðu og notkun enskunnar í íslensku samfélagi.

Til að skilja betur hvaða áhrif enskan hefur á íslenskuna er mikilvægt að horfa aðeins á íslenskuna sjálfa fyrst og af hverju hún er talin vera svo hreint tungumál (2. kafli). Svo er athyglisvert að vita nákvæmlega hvaða skoðun íslenskt fólk hefur á ensku og hve mikilvæg hún er talin vera (3. kafli). Áhrif enskunnar virðast vera mjög áberandi og hér verður litið á hve umfangsmikið þetta fyrirbæri er í rauninni (4. og 5. kafli). Spurningin sem vaknar í framhaldi af þessu er af hverju enskan sé svo stór (6. kafli) og einnig hvort við kunnum, í raun og veru, ensku vel (7. kafli). Almennt er álitnið að það sé á sviði eins og netinu (8. kafli) og hjá unglingum (9. kafli) sem enskan er mest notuð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Íslenska almennt	4
3. Enska í íslensku samfélagi.....	7
4. Ensk áhrif.....	9
5. Skoðanakönnun	11
6. Babelfiskur	14
7. Kunnnum við ensku vel?	16
8. Netíð	19
9. Enska í unglíngamáli	21
10. Lokaorð.....	24
11. Heimildir.....	26

1. Inngangur

Við lifum í heimi þar sem við hlustum á og lesum ensku nánast alltaf; á heimilinu gegnum alþjóðlegar sjónvarpsstöðvar (enskir og bandarískir þættir eru allsráðandi á íslenskum sjónvarpsstöðvum), gegnum netið, með aðgangi að þúsundum alþjóðlegra útvarpsstöðva, á ferðalagi, í gegnum námi í eigin skóla, í námi við erlenda skóla, gegnum starfsgreinabókmenntir og gegnum viðskipti. Sama hversu vel maður reynir að vernda sig þá munu orð svífa inn í daglegt mál og eftir tíma inn í ritmálið. Enska er „lingua franca“ og mikilvægt er að við höfum gott vald á henni, en er hún of algeng í máli Íslendinga, þá sérstaklega hjá ungu kynslóðinni? Í þessari ritgerð ætla ég ræða um stöðu og áhrif enskunnar í íslensku máli.

Til að byrja með langar mig aðeins að fjalla um íslenskuna og af hverju hún er ennþá svo „hreint“ tungumál (2. kafli). Næst er horft á það á hvaða sviði íslenska samfélagsins enskan er mest notuð og tengslin sem Íslendingar hafa við enskuna (3. kafli). Áhyggjur af enskuáhrifum virðast vera heilmiklar á Íslandi. Meginatriðið fyrir mig hefur verið að kanna hve mikil þessi áhrif eru í raun og veru. Þetta hef ég gert í gegnum rannsóknir Ástu Svavarsdóttur (4. kafli) og skoðanakönnun á enskunotkun sem gerð var á Norðurlandabúum (5. kafli). Til að skilja enskuáhrifin nákvæmlega er nauðsynlegt að líta til þess af hverju enska er heimsmál allra heimsmála. Ég ætla síðan að fjalla um hvaða stöðu enskan hefur í heiminum, og af hverju hún er talin vera „lingua franca“ (6. kafli). Önnur spurning sem vaknaði út frá þessu snýst um hvort við kunnum ensku nógu vel. Enskan er notuð svo mikið og mat fólks á eigin enskukunnáttu er almennt mjög gott. Hve góð erum við, sem ekki höfum ensku að móðurmáli, í að tala og nota ensku rétt? Þessi hluti fjallar um raunverulega enskukunnáttu fólks (7. kafli). Enskan virðist vera allsráðandi á svo mörgum sviðum samfélagsins, sérstaklega á netinu og hjá unglingum. Þaðan fáum við alltaf ný ensk orð og ekki er hægt að nota netið algjörlega án enskukunnáttu. Unglingar á Íslandi tjá sig heilmikið gegnum tölvuna og nota tungumálið sitt mjög mikið á þessu sviði (8. kafli). Almennt er talið að unglingar noti mikið af enskuslettum í talmáli sínu og einnig í ritmáli; og ritháttur enskuslettanna er efni sem verður litið aðeins á. Spurningin er sú hvort enskan í unglingamálinu sé eitthvað til að hafa meiri áhyggjur af en almenn enskuáhrif (9. kafli).

2. Íslenska almennt

Íslenska hefur ekki mikið breyst í þúsund ár. Íslendingar geta ennþá lesið bækur á forníslensku án sérstakra vandkvæða. Það eru ákveðnar ástæður fyrir því.

Hreintungustefnan getur verið ein skýring, og þjóðerniskennd er önnur.

Íslenska hefur alltaf verið eina tungumálið; landið var óbyggt þegar norrænir menn settust hér að, og Ísland er líka eyja og hefur þar af leiðandi verið í svolítilli einangrun varðandi áhrif frá öðrum tungumálum.¹ Íslenska hefur þó orðið fyrir áhrifum frá öðrum tungumálum, t.d. frá lágþýsku og sérstaklega dönsku, þar sem Ísland tilheyrði Danmörku lengi. Mikilvægt er að benda á að þótt danska hafi verið notuð af stjórnendum landsins var íslenskt ritmál ennþá notað af fólkinu.² Íslensk tunga hefur þess vegna aldrei þurft að deila við minnihlutamál, þar sem danskan náði aldrei þessari fótfestu á landinu, eins og t.d. sænska náði og hefur í Finnlandi.³

Íslenska er sérkennileg og Íslendingar eru almennt vel þekktir fyrir varðveislu tungumálsins, sérstaklega gegnum nýyrðasmíðina. Íslenska er mál sem hefur eins og áður sagði ekki breyst mikið og er ekki heldur ríkt af mállyskum, nokkuð sem er mjög sérkennilegt. Helgi Guðmundsson (1977:323) segir að á 20. öld „verður stundum vart nokkurrar viðkvæmni fyrir mismunandi framburði, og fólk reynir þá stundum að leggja af sérkenni sín í máli.“ Íslenska er lítið tungumál en samt er þetta einsleitt tungumál sem er eitt af stærstu táknum sem Íslendingar hafa fyrir sig.

Íslendingar hafa lengi verið uppteknir af varðveislu, og það fyrsta sem var skrifað niður um varðveislu íslenskunnar er eftir Arngrím Jónsson (1568-1648).⁴ Hann skrifaði einmitt um sérstöðu Íslendinga í sambandi við þeirra tungu; hann sagði að málið hreina kæmi úr gömlum ritum, og vegna þess að Íslendingar hefðu ekki mikið samband við aðrar þjóðir.⁵ Sýn Arngríms var lengi áberandi í þessu hreintungusamhengi. Annað sem hefur haft mikil áhrif er að það kom prentun á Íslandi í kringum árið 1530, og einnig að Biblían var þýdd á íslensku. Íslenska var þá alltaf mál kirkjunnar.⁶

¹ Helgi Guðmundsson 1977:317-18.

² Vikør 1993:57.

³ Kristján Árnason 2006:113.

⁴ Guðrún Kvaran 2007:17.

⁵ Guðrún Kvaran 2007:19.

⁶ Vikør 1993:57.

19. öld var mjög áberandi tími fyrir málhreinsun íslenskunnar, og þarna hafði áhrif byltingin í Frakklandi og einnig sú rómantíska stefna sem var í bókmenntum á þessum tíma. Einn áhrifamaður á þessum tíma var á meðal annarra danski málfræðingurinn Rasmus Rask (1787-1887). Hann sagði að íslenska væri hið gamla tungumál norræna manna, sem hafði einfaldlega lifað af á Íslandi.⁷ Rask var upptekinn af fornþókmenninum, og aðferðir hans lýstu því að ekki væru skil á milli eldri og yngri málanna. Þetta hefur haft mikil áhrif á málhreinsunarviðleitnina.⁸

Ef talað er um ástæðu fyrir því að íslenska er hreint mál er ekki hægt að gleyma tímaritinu Fjölni. Tímaritið kom út árin 1835-39 og 1843-47, og fjallaði meðal annars um samtíðarmál, náttúrufræði og bókmenntir. Stofnendur Fjölnis voru Jónas Hallgrímsson, Brynjólfur Pétursson, Tómas Sæmundsson og Konráð Gíslason. Það voru þó einkum Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason sem voru mest uppteknir á málfarinu.⁹ Í augum Fjölnismanna var hreint og gott skrifað mál mjög mikilvægt og í Fjölni stendur: „...málið að vera so hreint og óblandað eins og orðið getur...“ og „...deyi málin, deyja líka þjóðirnar eða verða að annarri þjóð.“¹⁰ Tungumálið var mikilvægt fyrir þeim og áhrif þeirra mikil: Fjölnismenn vildu útrýma útlenskum lærdómsstíl í bókum og setti íslensku í öndvegi.¹¹

Þegar Ísland barðist fyrir sjálfstæði var einmitt tungumálið svo mikilvægt; á tíma sjálfstæðisbaráttunnar var sagt að Ísland væri sérstakt vegna málsins.¹² Tengsl við tungumálið voru mikilvæg þá og eru enn; þessi tilfinning fyrir málinu hefur alltaf verið til og það sést í því hversu mikil bókaþjóð Íslendingar eru og hafa verið í gegnum tíðina. Hreintungustefnan virðist vera sterk á landinu hjá öllum stéttum samfélagsins.

Það eru engin lög eða opinber texti um mál Íslendinga eða hvernig á að vernda málið. Það var fyrst árið 1964 að Íslensk málnefnd var stofnuð og er til þess, meðal annars, að forðast að erlendar slettur komi inn í tungumálið. Þau hafa það verkefni að gefa upplýsingar og hjálp til allra, eins og almennings, yfirvaldsins o.s.frv. Það mikilvægasta

⁷ Gunnar Karlsson 2008:38.

⁸ Kjartan G. Ottósson 1990:53.

⁹ Kjartan G. Ottósson 1990:67.

¹⁰ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:66.

¹¹ Kjartan G. Ottósson 1990:72.

¹² Kjartan G. Ottósson 1990:76.

sem Íslensk málnefnd gerir er að búa til ný orð fyrir ný tæki og hugtök sem koma inn í tungumálið: þetta varðar varðveislu og eflingu.

Þetta var kannski fyrst og fremst gert vegna, eins og áður sagði, dönskuáhrifanna sem voru, en núna er það enskan sem er að koma inn í tungumálið. Þetta er ekki af því að Íslendingar séu þröngsýnir á málið sitt og vilji forðast erlend áhrif með öllu. Það að búa til nýyrði og gera tökuorð að sínum eigin finnst mörgum Íslendingum skemmtilegt, þetta er eiginlega leikur að orðum. Sumir Íslendingar óttast erlend áhrif á málið og ástæðan fyrir því er kannski sú að það getur verið vandamál að setja erlend orð inn í íslenskt málkerfi; það er ekki hægt að beygja þau á íslenskan hátt. En það eru til mörg tökuorð í íslensku sem koma úr enskunni og eru núna orðin íslensk, t.d. *jeppi*, *rokk*, *popp* og *tékki*. Slík orð eru skilgreind sem tökuorð, orð sem eru fengin að láni/tekin frá öðrum tungumálum en hafa aðlagast íslensku beyginga- og hljóðkerfi. Þess vegna eru þetta orð sem verða ekki talin vera erlend á sama hátt og slettur og aðkomuorð/framandorð. Guðrún Kvaran (2005:343-44) skilgreinir aðkomuorð og slettur þannig:

Aðkomuorð eru orð af erlendum uppruna, sem ekki hafa öðlast almenna viðurkenningu, oftast vegna þess að þau stinga á einhvern hátt í stúf við málkerfið og bera einhver merki uppruna síns í stafsetningu, framburði eða byggingu. Þau hafa oft verið kölluð slettur en það orð hefur fengið neikvæða merkingu og því er aðkomuorð, og stundum framandorð, fremur valið sem heiti. Orðið sletta er nú oft notað um erlend orð, sem ekki eru viðurkennd sem hluti orðaforðans og eru ekki aðlöguð að hljóð- og beygingarkerfi málsins.

Mikilvægt er að benda á að gott mál er áhrifamikið í sjónvarpi, útvarpi og í dagblöðum. Þessar stofnanir hafa málfræðinga í vinnu sem fara yfir tungumálið áður en það fer út til almennings. Sérstaklega í dagblöðum er sjaldgæft að það komi fyrir erlend orð. Í sjónvarpi og útvarpi heyrir það meira, í óformlegum þáttum. Í formlegum þáttum er málið hins vegar hreinna.

Ísland hefur alltaf verið lítil þjóð með ekkert sérstakt vald, og íslensk sjálfsmynd ber svip af þessu. Ísland og Íslendingar hafa alltaf haft eitthvað rómantískt yfir sér og tengslin við fortíðina eru sterk, kannski af því að Íslendingar vita hvaðan þeir eru. Það

er blanda af fyrirbærum eins og þjóðerniskennd, hreintungustefnu, nýyrðastefnu, og sterkri ritmálmenningu sem gerir það að verkum að íslensk tunga er svo sterk í dag.

Það er í rauninni erfitt að finna ensk orð í íslensku ritmáli (sjá 4. kafla). Það er frekar í talmáli að enskan komi fram. Þar af leiðandi getur verið erfitt að vita nákvæmlega hve umfangsmikið enskuáhrif eru.¹³ Til þess að skilja enskuáhrifin sem eru á Íslandi er mikilvægt að líta á hvaða stöðu enskan hefur hér á landi, sem verður umfjöllunarefni í 3. kafla.

3. Enska í íslensku samfélagi

Almennt er álitid að Íslendingar noti ensku meira og meira í talmáli og það sést gegnum óformlegt ritmál þar sem enskan fær stundum íslenskan blæ: *dömpa, föss, frík*.

Staðreyndin er sú að í dag er enska „stærsta“ tungumálið í heiminum. Þó að mandaríska og spænska séu í rauninni „stærri“, þ.e. móðurmál fleira fólks, er það enskan sem hefur völdin og er útbreiddari, sérstaklega hér í vesturheimi. Það er ensk menning sem ræður gegnum sjónvarp, netið, tónlist o.s.frv. Þetta er tungumál sem fólk heyrir daglega, og fólk veit að það mun þurfa að nota það á ferðalögum, í viðskiptum, í námi o.s.frv.

Ferðamenn koma oft til Íslands, meira en áður fyrr, og útlendingar setjast hér að. Íslendingar þurfa að tala við þetta fólk og þá verður enskan meira áberandi. Þó að Ísland hafi ákveðin landamæri verður þetta óskýrt í nútímanum: heimurinn er núna bara einn takka í burtu.

Kynni Íslendinga á ensku hófust fyrr en á 20. öld. Á 15 öld komu enskir sjómenn til landsins, þar af leiðandi er sá tími kallaður enska öldin. Að mestu leyti voru þeir hér til að veiða og versla. Með þeim bærust áhrif frá enskunni, en þau orð er nú svo aðlöguð íslenskunni að það myndi vera erfitt að uppgötva þau án kunnáttu í sögu tungumála.¹⁴

Á 19. öld kom mikið af ensku í málið, fyrst og fremst gegnum dönskuna, en líka í gegnum viðskipti við Breta og fólksflutninga til vesturheims.¹⁵ Enska byrjaði smátt saman að taka við af dönsku hér á landi í síðari heimsstyrjöldinni, og með hernámi

¹³ Guðrún Kvaran 2007:17.

¹⁴ Guðrún Kvaran 2004:117.

¹⁵ Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson 2009:29-30.

Breta og síðar Bandaríkjamanna voru á stríðstímum fleiri enskumælandi en íslenskumælandi hér á landi.¹⁶ Á þessum tíma varð Ísland líka sjálfstætt ríki, og þegar stríðið var búið var í rauninni enska „lingua franca“ vesturheimsins.¹⁷ Áhrif enskunnar hafa vaxið stöðugt eftir það.

Frá árinu 2000 varð enska fyrsta erlenda mál sem Íslendingar læra, en það var áður danska.¹⁸ Er almennt þekkt að ungir Íslendingar hafa meiri áhuga á ensku en í dönsku; enska er þægilegri en danska sem er ekki alheimsmál. Unglingum finnst mikilvægt að læra tungumál sem þeir nota og heyra. Flestir Íslendingar, svo mikið sem 96%, líta á enskuna sem mikilvægasta erlenda tungumálið.¹⁹ Annað er að það er líka auðveldara að læra tungumál sem maður heyrir daglega; það er næstum því óhugsandi að fara í gegnum daginn án þess að nota ensku á einhvern hátt: 87% segjast nota ensku þegar horft er á kvikmyndir eða sjónvarp, 75% við lestur, dagblöð og tímarit, 67% á netinu og 48% í vinnu eða námi.²⁰

Unglingar verða að læra ensku í skóla í sex ár, frá 10 ára til 16 ára, og margir halda líka áfram að læra ensku í menntaskóla. Íslenskukennsla í framhaldskóla hefur á hinn bóginn verið skorið niður og í kennaranámi á að minnka skyldunám nemenda í íslensku úr tólf einigum niður í tvær.²¹ Í Háskóla Íslands er íslenska kennslutungumálið en yfirleitt er mikið kennt á ensku í skólanum; sérstaklega á MA-stigi og námskeið kennd af sendikennurum. Námskeið á ensku eru líka til þess að geta tekið á móti skiptinimum. En rannsóknir og rannsóknarefni í háskólanum eru mjög oft á ensku.²² Sömu leiðis eru margar kennslubækur á ensku. Eina ástæðan fyrir því að kennslubækur eru á ensku er sú að kannski er ekki hægt eða borgar sig ekki að þýða allar kennslubækur yfir á íslensku. Það að rannsóknir og rannsóknarefni séu í sumum deildum á ensku er áhugavert. Kannski finnst mörgum að enska hjálpi meira en íslenska í námi- og vinnusambandi. Þetta er eitthvað sem Háskólinn í Reykjavík virðist taka alvarlega. Skólinn stefnir að því að verða tvítyngdur. Fyrrverandi rektor skólans, Svafa Grönfeldt, sagði þetta í september árið 2007 við *Morgunblaðið* (Silja Björk Huldudóttir 2007):

¹⁶ Guðrún Kvaran 2004:117.

¹⁷ Ásta Svavarsdóttir og Veturlíði Óskarsson 2009:30.

¹⁸ Ásta Svavarsdóttir 2004b:154.

¹⁹ Sjá Ástu Svavarsdóttur 2004a:168.

²⁰ Sjá Ástu Svavarsdóttur 2004a:168.

²¹ Katrín Axelsdóttir og María Garðarsdóttir 2008:17.

²² Kristján Árnason 2006:114.

Ástæðan er sú að við þurfum að tryggja að nemendur okkar hafi alþjóðlega færni. Við getum ekki keppt á alþjóðlegum vettvangi nema kenna á ensku og þar erum við að fylgja fordæmi annarra þjóða. Það er eitt að kenna tungumál. Annað að þurfa að leysa viðfangsefni í hópi fólks frá ólíkum löndum þar sem enskan er vinnumálið. Við munum því auka framboðið á ensku á næstu árum. Við leggjum hins vegar mikla áherslu á að skólinn sé tvítyngdur og að íslenskan verði ávallt í hávegum höfð. Við munum ekki gefa neinn afslátt á íslenskunni.

Á heimasíðu Háskólans í Reykjavík (www.hr.is) stendur að skólinn verði tvítyngdur frá og með árinu 2010, og hann vill með því auka fjölda erlendra nemenda, kennara og fræðimanna við skólann. Meistaránám verður þá að mestu leyti kennt á ensku, og allt kynningarefni og tilkynningar verða bæði á íslensku og ensku.

Eins og sést er enska á öllum sviðum íslenska samfélagsins. Hún hóf innreið sína við hernámið en hefur aukist mjög síðustu áratugi, svo mikið að Háskólinn í Reykjavík stefnir á að verða tvítyngdur. Að kunna ensku virðist vera mikilvægt fyrir Íslendinga, notkun hennar er mikil og fólk heldur að gott vald á henni skipti miklu máli fyrir framtíðina. Vegna þessarar innreiðar enskunnar inn í íslenskt samfélag verður áhugvert að athuga hve mikil enskuáhrifin eru hér á Íslandi (4. og 5. kafli).

4. Ensk áhrif

Rannsókn gerð af Ástu Svavarsdóttur (2004a) byggist á safni með 195.000 orðum sem voru tekin úr upptökum milli manna, úr dagbókum og dagblöðum. Bent er á að þetta sé rannsókn sem er gerð á fullorðnu fólki. Það sem kemur fram er að munurinn á milli formlegs og óformlegs máls er það sem skiptir máli, ekki talmál eða ritmál.²³ Textar sem eru minna skipulagðir og persónulegri innihalda meiri ensku.²⁴ Ensku áhrifin koma þá fyrst og fremst fram í óformlegu talmáli eða í rituðu máli.

The informal and personal texts, whether spoken or written, contained strikingly more instances of English words than the more formal and less personal ones.

Lexical items of English origin were, however, comparatively rare, even in these

²³ Ásta Svavarsdóttir 2004a:175.

²⁴ Ásta Svavarsdóttir 2004a:172.

text types, as they amounted to no more than 0.7% of running words in the two informal categories taken together.²⁵

Enskan sem er notuð, samkvæmt rannsókninni, eru nafnorð (persónur, kvikmyndir, staðir o.s.frv.) frá enskumælandi löndum og einnig tilvitnanir. Þetta sýnir tengslin við þennan enskumælandi menningarheim. En Íslendingar nota einnig einstök orðasafnsorð úr enskunni, og þau koma oft fram í dagbókum og í upptökum, en næstum því aldrei í dagblöðum (ef svo, þá mest í viðtölum):

1. svo var bara haldið áfram alveg **streit** (Samtal)
2. Fékk mér kornflex og **low-fat** mjólk (Dagbók)
3. Þar ætlum við að troða upp [og] vera með **dragshow** (Dagblað)²⁶

Eins og Ásta segir hafa ensku orðin mismunandi stöðu í íslensku. Orð eins og *fila* og *kósy* eru meira aðlöguð tungumálinu en t.d. *low-fat* er, og svo höfum við orð eins og *hamborgari* sem er alveg aðlagð málinu.

Í annarri rannsókn Ástu Svavarsdóttur (2004b) eru unglingar og börn einnig rannsökuð. Almenn er álitid er að yngri kynslóðin noti ensku meira að jafnaði en þær eldri. Þessi rannsókn byggist á óútgefnum dagbókum frá 1998. Viðtakendur voru frá um 7 til 70 ára og hér eru rannsökuð um 80.000 orð. Þó það komi fram að hér hafi enskan ekki heldur verið áberandi er samt áhugaverður munur á milli kynslóða. Þegar eldri kynslóðin notar ensk orð eru það nafnorð og viðtekin tökuorð. Yngri kynslóðin notar hins vegar ensku aðeins meira og öðruvísi; hún notar ný orð (sem eru ekki vel aðlögd) og ekki eins viðtekin orð.²⁷

Eins og kom fram í rannsókn Ástu Svavarsdóttur eru enskuáhrifin í sjálfu tungumálinu mjög lítil; þegar enska er notuð í sjálfu málinu er hins vegar munur á milli kynslóða. Þó er spurning um framtíðina; með auknu ensku máli og menningu í umhverfinu verða ensk áhrif kannski fyrirferðasmeiri í íslensku.

²⁵ Ásta Svavarsdóttir 2004b:154.

²⁶ Ásta Svavarsdóttir 2004a:174.

²⁷ Ásta Svavarsdóttir 2004b:164.

5. Skoðanakönnun

Fyrir nokkrum árum var gerð áhugaverð skoðanakönnun um notkun á enskum tökuorðum og slettum meðal Norðurlandabúa. Íslenski parturinn var gerður með hjálp frá Gallup 20. febrúar til 4. mars 2002, og það var 801 þátttakandi.²⁸ Hér er tekinn út hluti úr grein Kristjáns Árnasonar (2006), þar sem fyrst er aðeins sýndur munurinn á milli Norðurlandabúa og svo er einbeint á Íslendinga, allar tölur eru sýndar í prósentum. Eins og Kristján segir er þetta meginleg rannsókn ekki eigindleg.

*Hversu oft heldur þú að þú hafir talað, lesið eða skrifað ensku undanfarna viku?*²⁹

	Ísland	Svíþjóð	Danmörk	Noregur	Finnland (sænska)	Finnland	Færeyjar
Alls ekkert	25	38	44	42	53	46	55
Einu sinni	8	12	12	10	7	8	10
2-4 sinnum	17	21	16	23	18	19	15
Flestalla daga	24	15	12	15	12	15	11
Oft á dag	26	15	16	11	10	12	8

Þegar bornir saman við Norðurlandþjóðirnar, eins og sést hér fyrir ofan, er áhugavert að Íslendingar virðast nota ensku mest af öllum þjóðunum.³⁰ Þetta kemur á óvart þar sem almennt er álitnið að Íslendingar séu mjög uppteknir af þurisma og að málið sé þess vegna mjög „hreint“.

Þegar spurt var um á hvaða sviði Íslendingar nota ensku kemur í ljós að það er mest í lestri og í sambandi við vinnu; unga fólkið (50-60%) notar enskuna aðalega í námi/í sambandi við vinnu, þar sem einungis 18% af þeim eldri gera það. Notkun ensku í frítímanum virðist vera líkari milli kynslóða:

*Í hvaða samhengi hefur þú lesið, skrifað eða talað ensku?*³¹

	< 30	30-44	45-59	> 60
Skrifaði ensku í námi eða starfi	56,2	40	36,1	17,8
Talaði ensku í námi eða starfi	58,7	48,4	48,5	33,3
Las bækur eða greinar á ensku	58,3	57,2	53,6	62,2

²⁸ Kristján Árnason 2006:116.

²⁹ Kristján Árnason 2006:140.

³⁰ Kristján Árnason 2006:118

³¹ Kristján Árnason 2006:142.

Skrifaði ensku í frítímanum	28,9	18,6	17,5	17,8
Talaði við enskumælandi fólk í frítímanum	34,3	28,4	29,9	28,9

Það að Íslendingar noti ensku meira en hinar Norðurlandþjóðirnar sýnir kannski að Íslendingar eru ekki eins tærir og almennt er álitid. Samt getur verið góð skýring á því (Kristján Árnason 2006:136):

Þegar Íslendingar nota meiri ensku en Danir og Svíar við bóklestur, stafar það vafalaust af því að fleiri af þeim bókum sem Íslendingar nútímans lesa eru á ensku heldur en hjá hinum stærri þjóðum. Það er einfaldlega skrifað um fleiri svið á sænsku og dönsku en á íslensku.

Hins vegar eru í almennu ritmáli ensk aðkomuorð fátíðari í íslensku (og finnsku)³² en í hinum norðurlandamálunum. Þetta er atriði sem kemur heim við rannsókn Ástu Svavarsdóttur sem sýndi að þessi ensku áhrif væru meira óformleg talmálsfyrirbæri. Annað sem er mikilvægt að benda á er að erlend orð samlagast oft íslenskunni, oftar en í hinum norrænu tungumálunum, þar sem t.d. „juice“ verður *djúus*.³³

Þegar aðeins er horft á mismunandi enskunotkun eftir aldri er áberandi að yngri kynslóðin notar ensku mest. Hér er tafla yfir sömu spurningu og áður, en hér einungis með Íslendingum (flokkað eftir aldri):

*Hversu oft heldur þú að þú hafir talað, lesið eða skrifað ensku undanfarna viku?*³⁴

	< 30	30-44	45-59	> 60
Alls ekkert	8,7	19,8	37,4	58,7
Einu sinni	1,9	11,9	8,4	10,1
2-4 sinnum	18,1	19,4	18,1	9,2
Flestalla daga	35,8	23,5	13,5	11,9
Oft á dag	35,5	25,4	22,6	10,1

Annað sem skoðanakönnunin sýndi var að Íslendingar voru neikvæðastir gangvart notkun enskunnar í tungumálinu sínu. Þegar var spurt um ensku sem vinnumál voru

³² Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson 2009:31

³³ Vikør 1993:212.

³⁴ Kristján Árnason 2006:142.

Íslendingar með hæst hlutfall (79,5%) neikvæðra. Aðalspurningin hér er: Eru notuð of mörg orð á ensku í íslensku? 60% voru algjörlega eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Þetta er áhugavert vegna þess að það sýnir að fólk hefur áhyggjur af enskuáhrifum.³⁵ Þegar spurt var um hvort ætti að búa til ný íslensk orð yfir erlend orð voru 64% algerlega eða frekar sammála og 24% voru frekar eða algerlega ósammála.³⁶ Hér er mikilvægt að benda á að stór munur var á milli kynslóða: 82% af þeim eldri og einungis 52% af þeim yngri fannst vera of mörg ensk orð í íslensku.³⁷ Yngri kynslóðir eru móttækilegri fyrir ensku en eldri kynslóðir og þar af leiðandi nota þeir yngri ensku orðin töluvert meira en þeir eldri, eins og sést í töflunni hér:

*Hvort orðið myndir þú heldur nota „e-mail“ eða „tölvupóstur“?*³⁸

	< 30	30-44	45-59	> 60
e-mail	70	39,2	22,9	10
Tölvupóstur	20,5	46,3	68	84
Nota bæði	9,5	14,6	9,2	6

Í spurningunni að ofan sést klárlega að *e-mail* (42,6%) og *tölvupóstur* (46,7%) eru notuð næstum því jafnt, en er sjálfsagt munur eftir aldri þátttakenda. Eins og sést nota yngri þátttakendur (svo mikið sem 70%) frekar *e-mail*, og eldri frekar *tölvupóst*. Skýring á því að *e-mail* er notað svo mikið er að orðið er meira áberandi í tölvum; það er ekki hægt að komast hjá því að nefna hve áberandi enska er á netinu og í tölvumáli. Hins vegar kom fram í rannsókninni að orð eins og *lífvörður* (94,4%) og *hönnun* (94,1) voru miklu frekar notuð en samsvarandi ensk orð, *bodyguard* (3,5%) og *design* (3,4%).³⁹ Kristján Árnason segir (2006:127) að:

Kannski er það hluti af stíl yngra fólks að nota óformlega valkosti eða slettur (sbr. það að 8% yngsta aldurshópsins nota *bodyguard*) og hugsanlegt er að þeir breyti til þegar þeir eldast.

Auðvitað munu mörg ensk orð sem hinir yngstu nota seinna breytast í íslensk orð, en þeir eru, eins og sjá má, hlyntari enskunotkun en hinir eldri. Þar af leiðandi er einnig

³⁵ Kristján Árnason 2006:119-20.

³⁶ Kristján Árnason 2006:120.

³⁷ Kristján Árnason 2006:126.

³⁸ Kristján Árnason 2006:143.

³⁹ Kristján Árnason 2006:122-23.

möguleiki á að þeir verði ekki eins varir við áhrif enskunnar eins og eldri kynslóðirnar. Þetta mun tíminn leiða í ljós.

Til að fara aðeins dýpra í mismun enskunotkunar Íslendinga er spennandi að athuga hvort menntun og tekjur skipta máli. Mismunurinn er ekki eins áberandi hér (eins og milli kynslóða) en það kemur á óvart að vinna og tekjur skipta máli: Hjá tekjuhærra fólki hafa 40% notað ensku oft á dag og 15% hafa alls ekki gert það. Hjá tekjulægsta fólkinu hafa 15% notað ensku oft á dag og 42% hafa það alls ekki. Það er enginn munur á milli hópanna hvað varðar enskunotkun í frítímanum. Munurinn er að þeir tekjuhærra nota ensku mjög oft í vinnu eða í námi, en tekjulægsta fólkið gerir það ekki eins mikið.⁴⁰ Afleiðingin af þessu er sú að þeim tekjulægstu finnst vera meiri enska í íslensku en þeim tekjuhærra. Út frá þessu má lesa að með hærra kaupi og „betri vinnu“, er enskunotkun meiri. Þar af leiðir að því meiri ensku sem maður kann, því betri tekjur fær maður. En hvað um menntun? Betur menntað fólk notar ensku meira í vinnu, námi og við lestur. En það sem var áhugavert er að stuðningur við nýyrðasmíði vex með meiri menntun.⁴¹

Þessi skoðanakönnun sýnir að enskunotkun Íslendinga er flókin. Það er af því að Ísland er lítil þjóð og hefur þar af leiðandi ekki eins mikil efni og stærri þjóðir: Þetta sést sérstaklega þar sem enska er mikið notuð í vinnu, námi og við lestur. Þó að Íslendingar noti mesta ensku Norðurlandþjóða er hinsvegar ritmálið sterkast í íslensku. Þetta staðfestir að enskan er frekar notuð sem viðbót í samfélaginu, og ekki til að taka við af íslensku; t.d. vilja flestir Íslendingar frekar nota íslensku í sambandi við vinnu. Það virðist sem samband enskunotkunar og tekna fólks er mikið, Kristján Árnason (2006:135) segir: „Þeir tækjuhærra nota meiri ensku, og öfugt, þeir sem nota ensku fá hærri laun.“ Spurningin í næsta kafla verður þá af hverju enska hafi þessi mikilvægu áhrif á íslenska tungumálið.

6. Babelfiskur

Stærsti munurinn á milli danskra áhrifa og enskra er að dönsku áhrifin voru ekki „viljandi“ heldur afleiðing þess að landið var lengi undir Dönum. Hins vegar er enska

⁴⁰ Kristján Árnason 2006:127-28.

⁴¹ Kristján Árnason 2006:130.

meira „viljandi“, en þó er þetta líka umdeilanlegt þar sem enska er „lingua franca“ í hinum vestræna heimi.

Af hverju er enska alheimsmál númer eitt í nútímanum? Enskan var ekki alltaf heimsmál, t.d. hafði latína þessa stöðu einu sinni. En engin heimsmál nú eða áður er hægt að bera saman við enskuna sem samskiptamál, því að einn af hverjum fimm (í heiminum) geta tjáð sig á ensku með einhverjum hætti.⁴² Það er menningarlegt en líka pólitískt og efnahagslegt eins og Jan Svartvik (2000:13) segir:

Det finns framför allt två skäl till engelskans internationella framgångar: först den geografiska spridningen av engelskan till nästen alla jordens hörn i det brittiska imperiet och den inflytande som dette världsvälde utövade; och senare USA:s politiska, ekonomiska, militära, tekniska och vetenskapliga dominans, framför allt under de senaste femtio åren.

Eins og Jan Svartvik segir er líka hægt að horfa á aðrar staðreyndir eins og notkun enskunnar sem hlutlaust tungumál á milli mismunandi þjóða. Enska er líka mikilvægasta tungumálið fyrir bækur, tímarit, flugstöðvar, viðskipti, vísindi, ríkiserindi, ferðaþjónustu, alþjóðlegar keppnir, kvikmyndir, sjónvarp, tónlist, auglýsingar o.s.frv.⁴³

Ef okkur langar að tala við eða hafa samskipti við heiminn á mismunandi hátt er enskan oftast leiðin til þess – stundum jafnvel fyrir spænskumælandi þjóðir og aðrar þjóðir sem hafa heimsmál sem móðurmál. Við þurfum eitthvert tungumál til að gera tjáskipti möguleg og auðvelda þau; flestir Íslendingar nota aðallega ensku þegar þeir eru á ferðalögum.⁴⁴ Enska er núna eins konar babelfiskur í okkar vestræna heimi. Orðið á rætur að rekja til bókar Douglas Adams, *Leiðarvísir puttaferðalangsins um Vetrarbrautina*. Í bókinni er þó babelfiskurinn alhliða:

⁴² Svartvik 2000:3-4.

⁴³ Svartvik 2000:4

⁴⁴ Sjá Ástu Svavarsdóttur 2004a:168.

Hann sýgur í sig ómeðvitaðar heilabylgjur úr heilabylgjuorkunni til næringar...
Nytsamleg afleiðing alls þessa er að þú getur undir eins skilið það sem er sagt
við þig á hvaða tungumáli sem er ef þú setur babelfisk inn í eyrað á þér.⁴⁵

Í raunverulegum heimi er þetta auðvitað ekki hægt, en við getum sagt að enska sé
babelfiskur sem við setjum í eyru okkar til að tala við og skilja aðrar þjóðir. Samt er
fylgja því vandamál að nota annað mál. Það getur verið erfiðara, og mikil menning og
blæbrigði týnast á leiðinni. Það er meira við að skilja ensku en bara að skilja orðin; við
skiljum hvort annað dálítið, eða jafnvel nokkuð mikið í orðum, en kannski skiljum við
ekki hvað hinn er að segja með orðunum sem hann segir. Við notum ensku meira sem
einfalt tjáskiptatæki en sem raunverulegt tungumál.

Við þurfum eitthvert heimsmál til að tala saman og hafa samskipti á milli þjóða.
Ástæðan fyrir því að enskan er allsráðandi í dag er pólitísk, efnahagsleg og
menningarleg. Spurningin er hvort við notum hana rétt (7. kafli), og hvort það er hætta
fólgin í því (fyrir önnur tungumál) að setja eitt mál í þessa stöðu.

7. Kunnum við ensku vel?

Hér á Norðurlöndum erum við dugleg í að skilja ensku. Eins og sést meðal annars á því
að á Íslandi er að mestu hætt að þýða titla á kvikmyndum o.s.frv. Gauti Kristmannsson
(2006) segir:

Gott dæmi um þessa tilfinningu fyrir ensku má sjá í kvikmyndum og sjónvarpi
þar sem enska er orðin hið opinbera mál í raun. Það er ekki aðeins að titlar
sjónvarpsefnis og kvikmynda séu ekki þýddir heldur eru meira að segja titlar
mynda af öðrum málum en ensku ekki þýddir á íslensku heldur ensku. Tvö dæmi
nægja: The Downfall (Der Untergang) og The Motorcycle Diaries (Diarios de
motocicleta).

Eins og sést (5. kafli) er munurinn mikill á milli kynslóða. Núna læra börn meiri ensku
og fyrr í skóla, en þau taka upp mikið frá umhverfinu, t.d. úr tónlist og sjónvarpi.
Unglingar og yngra fólk kunna almennt séð mikla ensku, og það er hjá þeim við sjáum

⁴⁵ Adams 1999:51.

mesta notkun enskra orða. Um það bil 90% Íslendinga segja að þeir hafi kunnáttu í ensku og 64% segja að þeir kunni ensku vel. Í þessu samhengi, ef skoðaður er aldur segja 96% undir 29 ára að þeir kunni ensku vel, hins vegar segja aðeins 68% af þeim yfir 50 ára þetta. Þetta eru ekki staðreyndir á kunnáttu, þar sem þetta er mat einstaklinganna sjálfra.⁴⁶

Sú enska sem fólk þekkir best er kannski sú sem það þekkir úr kvikmyndum og sjónvarpsefni. Þó að við höldum að við kunnum ensku vel er það kannski ekki veruleikinn; óformlegt mál í samanburði við formlegt mál er allt annað. Maður þarf að þekkja muninn, og líka vita hvenær á að nota hvað. Auðvitað skiptir máli í hvaða samhengi maður vill nota ensku/önnur tungumál. Ekki þurfa allir að kunna eins mikið eða eins vel; bara að geta miðlað er stundum nóg. Ef tilgangurinn er að nota ensku í viðskiptum, í rannsóknum eða á öðrum formlegum sviðum þá þarf maður meira en menntun úr grunnskóla.

Enska er notuð sem vinnumál í sumum fyrirtækjum á Íslandi. Í fyrirtækum eins og deCode og Actavis er þetta staðreyndin.⁴⁷ Þetta er sagt vera vegna þess að fyrirtækin hafa erlenda starfsmenn. Önnur skýring er líka að t.d. Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki. Spurningin er hvort þetta virkar í raun vel. Norðmaðurinn Glenn Ole Hellkjær vinnur við Háskólann í Osló og er með doktorspróf í ensku. Hann gerði rannsókn árið 2007 á enskunotkun í 664 norskum fyrirtækjum. Það kom fram að vegna slæmrar enskukunnáttu hafði:

- Nesten 30 prosent unnlatt á oppsøke markeder.
- 40 prosent hadde ikke klart å konversere i sosiale sammenhenger.
- 55 prosent hadde fornærmet kundene.
- 45 prosent hadde fått feilleveranser.
- Nesten 40 prosent hadde tapt kontrakter.⁴⁸

⁴⁶ Sjá Ástu Svavarsdóttur 2004a:155.

⁴⁷ Silja Björk Huldudóttir 2007.

⁴⁸ Blokhus 2010.

Þetta er auðvitað rannsókn sem var gerð í Noregi, en ekki er ólíklegt að þetta gildi að miklu leyti í íslensku samfélagi; fólk er ekki eins öruggt í ensku og það heldur, það ofmetur sjálf sig (jafnvel unglingar).

Margir myndu meina að þessi enskuáhrif væru góð, að við ættum að vera tvítyngd í sumum tilfellum; í stjórnámálum og viðskiptum er enska sögð vera þýðingarmikil. En eins og málfræðingurinn Ari Páll Kristinsson sagði þegar þáverandi varaformaður Samfylkingarinnar (2007), Ágúst Ólafur Ágústsson, vildi hafa tvítyngda stjórnsýslu á Íslandi: „Hún myndi hreint ekkert virka heldur verða meira og minna lömuð um fyrirsjáanlega framtíð vegna enskunámskeiða starfsfólks og linnulausra þýðinga.“⁴⁹ Í skjalinu *Íslenska til alls* (2008:52) stendur að það að hafa ensku sem vinnumál veiki móðurmálið mikið. Sérfræðiorð munu glatast og Íslendingar geta ekki treyst á það að starfa, stunda viðskipti og á sama tíma tala íslensku. Höfundur og varaformaður íslenskrar málnefndar, Þórarinn Eldjárn, hefur einnig sagt við *Morgunblaðið* (Silja Björk Huldudóttir 2007) að:

Íslendingar upp til hópa séu gríðarlega lélegir í tungumálum og ofmeti kunnáttu sína og færni í enskri tungu. Einu leiðina til að sporna við þessu að stórauka bæði íslenskukennslu og aðra tungumálakennslu á öllum skólastigum. Það sem við fáum í staðinn fyrir að tala almennilega íslensku, ef þessi þróun heldur áfram, er mjög vond enska.

Annað vandamál varðandi notkun annarra mála, sem er mjög mikilvægt, er það menningarlega. Að kunna málið vel þýðir ekki það sama og að þekkja menningu eins og reyndir ferðamenn vita. Jafnvel sjónvarpsmenn þurfa stundum fara á námskeið í kurteisi, einungis til þess að geta komið vel fram við erlenda gesti sína. Það er einnig auðvelt að gleyma að jafnvel tónninn í framburðinum getur verið móðgandi. Það er ekki lítið sem við þurfum að muna þegar við tölum önnur tungumál. En til að koma aftur að umræðuefninu þá held ég að það mikilvægasta sé að fólk þekki takmörk sín þegar kemur að tungumálum og vita að það er munur á milli formlegs og óformlegs máls.

⁴⁹ Róbert Hlynur Baldurson 2007.

Flestir Íslendingar halda að þeir annaðhvort hafi tök á eða kunni ensku vel. Það er satt að vissu leyti. En að skilja enskuna sem er töluð í sjónvarpi þýðir ekki að maður tali ensku eins vel og maður heldur. Að meta kunnáttu sína rétt, að vita hvaða ensku maður kann er mjög mikilvægt. Ritmál, talmál, formlegt, óformlegt: Þetta eru mismunandi aðferðir; málið á kaffihúsum og málið á ritgerðum eru tveir mismunandi heimar. Sem betur fer þurfum við ekki öll að kunna ensku fullkomlega. Enskukunnátta flestra Íslendinga þjónar þeim vel í því að ferðast um heiminn, lesa bækur og tímarit á ensku og nota netið. Það er sérstaklega á sviði eins og netinu sem enskan virðist vera allsráðandi og þetta verður fjallað um í næsta kafla.

8. Netið

Það svið þar sem enskan er mest ríkjandi er án vafa netið. Úr tölvumáli fengum við ný orð, slettur og mörg ný slanguryrði. Maður þarf einnig að kunna ensku til þess að geta tjáð sig sem best á netinu. Þó að völd enskunnar á netinu verði ekki alltaf ráðandi er enska samt það mál sem Íslendingar almennt kunna best sem annað mál.

Það er athyglisvert að þeir sem hafa aðgang að tölvu með netsambandi nota ensku meira en hinir sem ekki hafa það.⁵⁰ Jafnvel þótt kerfi eins og *Windows* og *Office* séu þýdd á íslensku notar nær allt skólakerfið þau á ensku, og það sama gildir í heimilinu. Þetta er þver öfugt við það sem tíðkast hjá hinum Norðurlandþjóðunum.⁵¹

Það er á netinu sem þetta fyrirbæri ritað mál kemur skýrast fram. Auðvitað er hægt að ræða muninn á milli ritaðs máls og talaðs máls o.s.frv. en ég ætla að ekki að fara út í það í þessari ritgerð. Þetta er einfaldlega ritmál sem er skrifað mjög líkt og maður myndi tala: stafsetningin getur breyst, framandorð/slettur eru oft notaðar og er ekki mikið hugsað um setningaskipan. Þetta er gert til þess að gera málið hlýrra.⁵² Ungt fólk vill forðast að tala formlega við vini. Úr þessum miðlum byrjar oft þessi leikur með orð, t.d. að skrifa *mæspeis* í staðinn fyrir „myspace“. Dæmi um þetta er: „Já það er alveg tippikall of me. Alltaf þegar ég er komin með eitthvað skemmtilegt til að segja frá þá ofcourse gleymi ég því on the spot!!“

⁵⁰ Kristján Árnason 2006:131.

⁵¹ Íslenska til alls 2008:48.

⁵² Crystal 2001:40-41.

Af netinu berast mörg tölvuorð og önnur orð í málið. Dæmi um þetta eru:

Adda (af facebook): add

Dánlóða: download

Installla: install

Koppí-peist: copy paste

Læka/læk (af facebook): like

Onlæn: online

Sörfa: surf (the web)

Setningar skrifaðar með skammstöfunum eru einnig áberandi á netinu, þó kannski mest hjá yngri kynslóðinni. Í íslensku kemur þetta oftast úr enskunni. Þetta sést almennt bara á netinu eða í gsm-skilaboðum. Skammstöfunarorð eru notuð til þess að sleppa að skrifa setninguna og spara tíma og orku.⁵³ Eftirtektarvert er að notkun skammstafana með þessum hætti (til þess að spara pláss) er ekki nýtt fyrirbæri. Áður þurftu menn einnig að spara pláss þegar sent var t.d. símskeyti og þegar menn skrifuðu á skinn. Dæmi yfir netskammstafanir eru:

Brb: be right back

Btw: by the way

Ftw: for the win

Lol: laughing out loud

Omg/ómg: oh my god

Rofl: rolling on the floor laughing

Wtf: what the fuck

Eins og sést eru þessi dæmi ekki skrifuð með íslenskri stafsetningu, nokkuð sem kemur ekki á óvart þar sem ekki er algengt að skrifa skammstöfunarorð, komnum úr tölvumáli, eftir eigin höfði.

⁵³ Crystal 2001:230.

Áhrif netsins eru mikil og það eykur notkun enskunnar hjá Íslendingum. Þetta er afleiðing af því að enskan er umfangsmest á netinu. Varðandi íslenskuna sem tölvumál stendur í skjalinu *Íslenska til alls* (2008:49) að „hlutverk tungumálsins innan tölvu- og upplýsingatækninnar fer sívaxandi.“ Það stendur einnig að bara það að byggja upp innlend málleg gagnasöfn og máltæknibúnað á litla Íslandi myndi kosta jafn mikið og fyrir tungumál milljónþjóða, og „því er ekki von að fyrirtæki sjái sér hag í því að leggja í mikinn kostnað við að þróa og aðlaga slíkan búnað fyrir íslensku.“⁵⁴

Þetta er svið sem íslenska mun líklega aldrei verða notuð mikið á (í stærra samhengi) og er nokkuð sem maður þarf að setta sig við. Unglingar nota netið sérstaklega mikið og nota ritmálið sitt mjög mikið í því samhengi. En eins og sést eru unglingsmenn mjög skapandi í notkun á máli sínu; það er ákveðin aðferð við þetta og horft verður betur á enskunotkun unglingsmanna í 9. kafla.

9. Enska í unglingsmáli

Stöðluð ímynd sem fólk hefur af unglingsmáli er að þeir noti mikið slettur og slangur, blóti og taki upp erlend orð án hugsunar. Svo virðist sem eina ástæðan fyrir því að þetta gerist sé að samfélagið hefur breyst svo mikið. Sá tími er liðinn þegar unglingsmenn voru í nánú sambandi við eldri kynslóðir, og tíðin þar sem ungir og aldnir bjuggu og unnu saman er liðin.⁵⁵ Nú koma áhrifin aðallega frá vinum og umhverfinu (sem felur í sér áhrif frá öðrum menningum). Unglingar hafa nýja sýn á heimin og eru skapandi í tungumálinu. Þeir taka upp orð og tjáningu hraðar en aðrir málnotendur.⁵⁶

Unglingsmál er auðvitað talað af unglingsmönnum, en það er ekki einsleitt; ólíkir hópar nota ensk orð í mismunandi mæli. Það er erfitt að segja nákvæmlega hve mikil enska er notuð í unglingsmáli, hvernig hún er notuð og af hverju. Það er kannski fyrst og fremst í slangri og slettum unglingsmanna að ensku orðin eru mest notuð. Það hefur verið gerð rannsókn á hve mikið unglingsmenn nota enskt slangur, *Språkkontakt og Ungdomsspråk i Norden (UNO)*. Þessi rannsókn var gerð í fjórum norrænum löndum: Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi. Í þessari rannsókn, sem var gerð 1997-2001, kemur fram að erlendu orðin sem unglingsmenn nota

⁵⁴ Íslenska til alls 2008:49.

⁵⁵ Vikør 1993:212.

⁵⁶ Hasund 2006:46.

eru yfirleitt úr ensku, 10-20% voru ensk orð. Hins vegar er 80-90% frá eigin tungumáli.⁵⁷ Þetta getur nýst sem samanburður við Ísland; niðurstöður rannsóknarinnar sýna að við finnum mikil líkindi í þeim norrænu löndum þegar er talað um ensku, og munurinn á milli landa er mjög lítil.⁵⁸ Af rannsókninni er erfitt að dæma hve mikið orðin eru notuð, og sum orð eru kannski ekki virk. Þegar gerð var nákvæmari rannsókn (Johansson og Graedler 2002) á enskunotkun hjá norskum unglingum í gegnum talmálsefni frá *UNO*, með uppteknum samtölum, kom fram að enskunotkunin var frekar lítil og hún notuð sjaldan.

Ástæðan fyrir því að það virkar sem unglingar noti mikla ensku er sú að enskan stingur í stúf, og er þess vegna augljós þegar hún er notuð í íslensku. Ingrid Kristine Hasund (2006) segir að enskan hjá unglingum sé mest notuð í einstökum orðum eða í framsetningu. Með notkun enskunnar með þessum hætti styrkja þeir sambandið sín á milli.⁵⁹ Ein kenning er sú að unglingar noti ensku og þekkingu annarra unglunga (í enskri menningu) til að styrkja það sem þeir eru að segja, t.d. með tilvísun í tónlist eða myndir.⁶⁰ Þeir gera þetta ekki af því að þá skorti kunnáttu í móðurmáli, heldur er þetta skapandi og útsjónarsamt. Samkvæmt Johansson og Graedler (2002) halda unglingar fjarlægð við ensku í því hvernig þeir bera hana fram. Þeir gefa einskonar vísbendingu með: hléi á undan eða á eftir ensku orðunum, breytingu í rödd, smá hlátri, handahreyfingum o.s.frv.⁶¹ Þetta sýnir að unglingar nota málið á mjög skapandi hátt, og þeir eru í rauninni meðvitaðir um það sem þeir gera. Þetta sýnir að enskunotkun venjulegra unglunga er ekki eins mikil og almennt er haldið. Hins vegar eru það unglingarnir í sérstöku umhverfi sem nota ensku iðulega; dæmi um þetta kemur úr rannsókn sem var gerð í Danmörku um talmál í ákveðum hópum unglunga: hiphop, tölvu, rokktónlist, þungarokk og áhugamannaútlit. Hér kom fram að enskan var mjög áberandi og er oft víxlað á milli mála.⁶²

Þegar unglingar skrifa ensku er það gert á mismunandi hátt. Sumir velja að skrifa með enskri stafsetningu, aðrir með íslenskri. Dæmi:

Artí/artífartí: arty farty

Beib: babe

⁵⁷ Hasund 2006:47.

⁵⁸ Hasund 2006:49.

⁵⁹ Hasund 2006:52.

⁶⁰ Johansson og Graedler 2002:270.

⁶¹ Johansson og Graedler 2002:262.

⁶² Sjá Hasund 2006:53.

Bönns/Böns: bunch

Deem: damn

Djóina: join

Feik: fake

Leim: lame

Osom: awesome

Sökka: suck

Tana: tan

Tjilla: chill

Túmötsj: too much

Túnæt: tonight

Þetta getur stafað af svo mörgu. Sumir kunna ekki að stafa ensku orðin rétt og skrifa þau eins og þau hljóma. Aðrir velja að skrifa orðin á íslenskan hátt; þetta er leikur með orð og er eitthvað fyndið og/eða skapandi við að skrifa þetta eins og það er borið fram með íslenskum hreim. Þegar þetta er gert með sagnorðum er kannski besta skýringin sú að ef skrifað með íslenskri stafsetningu þá er hægt að beygja orðið í íslenska beygingarkerfinu; það lítur einfaldlega betur út. Þetta er líka alveg eins og því þegar erlend orð eru tekin upp; þau eru rituð samkvæmt íslenskri stafsetningu (dæmi: *jeppi*).

Enskan í unglíngamáli er ekki eitthvað sem á að forðast. Þegar unglíngarnir vaxa úr grasi, hverfur mikið af þessu úr máli þeirra. Það er eins og Ingrid Kristine Hasund (2006) segir að enskan sem við þurfum að horfa betur á er hjá þeim sem vinna í tölvum, í auglýsingum, eða eru í háskólum. Það eru þeir sem nota svo mikið af ensku í sínum orðaforða, og það er hér sem enskan getur í rauninni komið í staðinn fyrir móðurmálið. Þessi enska sem er notuð á háskólastigi og í sumum fyrirtækum er „raunveruleg“ enska – því verður þetta allt annað fyrirbæri og getur verið áhugavert rannsóknarefni í framtíðinni.

Þegar unglíngar nota ensku eru það oftast einstök orð eða framsetning. Það er erfitt að vita nákvæmlega hve mikið hún er notuð, en eins og fram kom í rannsóknunum sem voru gerðar annars staðar á Norðurlöndum virðist þetta ekki vera mjög mikið. Unglíngar hins vegar leika sér með tungumálið, þeir eru skapandi og þeir gefa oft í skyn hvenær þeir nota ensk orð. Þegar unglíngar nota ensku verður hún oft, eins og dæmin sýna, íslenskuð. Unglíngar þekkja móðurmál sitt og eftir einhvern tíma muna þeir skipta úr enskunni yfir í íslensku.

10. Lokaorð

Ensk áhrif á íslenskt mál er erfitt umræðuefni. Í raunverulegu ritmáli eru ensku áhrifin ekki mjög mikil, heldur frekar lítil. Að minnsta kosti er þróun tungumálsins eitthvað sem fólk verður að sætta sig við. Það er spennandi og áhugavert. Hver getur sagt hvað er rétt og rangt varðandi notkun tungumáls? Tungumál þróast ævinlega og maður leikur sér. Tilfellið er að Íslendingar nota ensku eru þeir einmitt að leika sér (eins og þeir gera með nýyrði). Ef nýtt tæki kemur fram þá verður framandorðið notað þangað til nýtt íslenskt orð kemur í staðinn. Íslendingar vilja frekar hafa orð sem er lýsandi fyrir hlutina – og er það ekki nákvæmlega grunnurinn fyrir flest ný orð í íslensku máli?

Slettur koma og fara, eins og eðlilegt er, og hvernig unglingar nota enskuna er, eins og hefur komið fram, ótrúlegt. Þetta er skapandi tungumál. Unglingar hugsa um hvernig tungumálið er notað. Þeir eru kannski opnir fyrir erlendum áhrifum en þeir greina á milli móðurmáls og annars máls, það er engin hætta þar. Það er eins og sextán ára frænka mín sagði: „þú veist, ég er alltaf að sletta á ensku þegar ég er að skrifa á feisbúkk eða eitthvað, en þú veist, ég geri það mjög sjaldan þegar ég tala“. Eins og sést (9. kafli) er enskan í unglíngamálinu og í almennu tungumáli ekkert til að hafa áhyggjur af. Jan Svartvik (2000:362) segir:

Det ena språket talar vi „med hjärtat“ – det är modersmålet, hemspråket och vardagsspråket som ger oss vår identitet. Det andra språket talar vi „med hjärnan“ – det är det praktiska verktyget som behövs för internationella kontakter, arbete och resor.

Notkun enskunnar á öðrum sviðum eins og við bóklestur, gegnum sjónvarpsþætti, tímarit o.s.frv. er eðlilegt. Til þess að hafa heiminn opinn fyrir áhrifum er þetta leiðin til þess, þó það sé umdeilanlegt hvort inntaka enskrar menningar sé stundum allt of mikil.

Móðurmál og að nota tungumálið sitt er mikilvægt, að læra móðurmálið sitt vel er mikilvægara en að tala reiprennandi heimsmál eins og ensku eða eitthvað annað mál. Þetta er að virða og viðhalda meiningarheiminum og sögu landsins. Tungumál og menning lands ganga hönd í hönd. Eins og Tómas Sæmundsson sagði: deyi málin, deyja líka þjóðirnar.⁶³ Íslenskan verður ekki fyrir of miklum erlendum áhrifum eins lengi og Íslendingar eru til, þeir

⁶³ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:66.

eru of duglegir í að nota hana og viðhalda henni. Um leið og fólk talar sitt eigið tungumál er ekkert að óttast. Það á að hafa gaman af tungumálinu, er það ekki aðalmálið?

11. Heimildir

- Adams, Douglas. 1999. *Leiðarvísir puttaferðalangsins um Vetrarbrautina*. Kristján Kristmannson íslenskaði. Útgáfan Bjarg, Viðey.
- Ásta Svavarsdóttir. 2004a. English borrowings in spoken and written Icelandic. *Speaking from the Margin, Global English from a European Perspective*. 11:167-176. Peter Lang.
- Ásta Svavarsdóttir. 2004b. English in Icelandic – A comparison between generations. *Nordic Journal of English Studies*. 3.2:153-165. Unipub forlag.
- Ásta Svavarsdóttir, Veturlíði Óskarsson. 2009. Annarleg sprek á ókunnugri strönd: tökuorð í íslensku fyrr og nú. *Orð og tunga*. 11:17-44. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Crystal, David. 2001. *Language and the Internet*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Gauti Kristmannsson. 2006. Undarleg umræða um ensku og tvítýngi. *Lesbók Morgunblaðsins*, 4. mars. Sótt 2. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=283975&pageId=4117940&lang=is&q=Undarleg%20umr%20E6%F0a%20um%20ensku%20og%20tv%20tyngi.
- Guðrún Kvaran. 2004. English influence on the Icelandic lexicon. *Nordic Journal of English Studies*. 3.2:115-142. Unipub forlag.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2007. Importord og aflösningsord i islandsk. *Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøkelse af sprogene i Norden*. 19-46. Novus Forlag, Oslo.
- Gunnar Karlsson. 2000. *A brief history of Iceland*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hasund, Ingrid Kristine. 2006. *Ungdomsspråk*. Fagbokforlaget, Bergen.

Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenzkrar málpróunar. *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni I*. 314-325. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Háskólinn í Reykjavík. [Án árs]. HR píramídinn. Aðgengileg á <http://www.hr.is/haskolinn/stefna-hr/hr-piramidinn/>.

Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndar áð íslenskri málstefnu. 2008. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

Johansson, Stig og Graedler, Anne-Lise. 2002. *Rocka, hipt og snacksy. Om engelsk i norsk språk og samfunn*. Høyskoleforlaget, Kristiansand.

Jostein Blokhus. 2010. Språksinken Norge. *Aftenposten*, 10. mars. Sótt 20. mars 2010 af <http://www.aftenposten.no/jobb/article3557913.ece>.

Katrín Axelsdóttir og María Garðarsdóttir. 2008. Er íslensk málstefna að verða úrelt? *Frændafundur*. 6:15-25. Fróðskapur, Tórshavn.

Kjartan Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun, Sögulegt yfirlit*. Íslensk Málnefnd, Reykjavík.

Kristján Árnason. 2006. Íslenska og enska: Vísir að greiningu á málvistkerfi. *Ritið*. Sérnit:109-150. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Róbert Hlynur Baldurson. 2007. Tvítyngd stjórnsýsla fráleit hugmynd. *DV*, 27. september. Sótt 1. apríl 2010 af <http://www.dv.is/frettir/2007/9/27/tvityngd-stjornsysla-fraleit-hugmynd/>.

Silja Björk Huldudóttir. 2007. Er enskan að verða hitt opinbera málið hérlendis? *Morgunblaðið*, 18. september. Sótt 20. apríl 2010 af www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1165501.

Svartvik, Jan. 2000. *Engelska, öspråk, världsspråk, trendspråk*. Nordstedts Ordbok, Falun.

Vikør, Lars S. 1993. *The Nordic Languages, Their Status and Interrelations*. Novus Press, Oslo.

